

**Ed.**

## **41. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [Bæjarstjórn á Siglufirði].

Flutningsm.: Einar Árnason.

### 1. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Niðurjöfnun eftir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sinum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu hlutfallslega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryjef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Ef um samvinnufjelag er að ræða, fer um útsvar þess eftir lögum nr. 36, 27. júlí 1921.

Á sildarkaup og sildarsölu, sildverkun á landi eða á höfn, allskonar bræðslu og verksmiðjuíðnað, á ábúð á jörð eða jarðarluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje rekin enn stýltri tíma.

Nú er hvalur, selur eða sild lagt á land eða á höfn innan lögsagnarumdæmisins, og má þá leggja aukauútsvar á slíka veiði.

Svo má og leggja útsvar á afnot af lóðum og öðrum fasteignum, er einhvern arð gefa.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem flutt er eftir beiðni bæjarstjórnarinnar á Siglufirði, er samhljóða 1. gr. frumvarps, sem flutt var á Alþingi 1923 á þingskjali 57, en varð þá ekki útrætt.

Um ástæðurnar fyrir þessu frumvarpi visast til greinargerðar á áður-nefndu þingskjali.